

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/249*  
*komudagur 26.11.2008*



FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA

Félag íslenskra bókaútgefenda  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík

Reykjavík 24.11.2008

## UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR

136. löggjafarþing 2008-2009

Þskj. 24 – 24. mál

Tillaga til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss

Félag íslenskra bókaútgefenda fagnar því að þingsályktunartillaga um barnameningarhús er komin fram og að í hópi þingmanna sé fólk sem lætur sig varða hag barna og andlegra þarfa þeirra. Hins vegar telur stjórn félagsins að barnameningarhús eins og því er lýst í fylgiskjali tillögunnar sé lokaniðurstaða á ferli sem skynsamlega sé að eigi sér viðráðanlegt upphaf.

Félagið telur að forgangsverkefni á sviði barnameningar sé að koma lagi á lestrarmenningu barna. Um mikilvægi þess fyrir menntunarstöðu þjóðarinnar, samkeppnishæfni hennar og andlega reisn þarf ekki að fjölyrða. Enginn efast um mikilvægi bættrar lestrarmenningar.

Félag íslenskra bókaútgefenda er eitt þeirra félaga sem standa að Samtökum um stofnun barnabókastofu. Á vegum þeirra samtaka var unnin skýrsla vorið og sumarið 2008. Niðurstöður hennar eru mjög skýrar: Með lítilli fyrirhöfn og litlu fjármagni má hrinda í framkvæmd einhverju mesta þjóðþrífaverkefni sem íslensk stjórnvöld geta gengist fyrir. Með samhæfingu krafta þeirra fjölmörgu sem nú vinna sundraðir og ósamstilltir við að bæta lestrarmenningu barna væri á skömmum tíma hægt að lyfta grettistaki. Það er aðeins eitt sem stendur því starfi fyrir þrífum: yfirsýn og samhæfing sem kostar tiltölulega lítið fé.

Félag íslenskra bókaútgefenda er meira en tilbúið fyrir sitt leyti að leggjast á árar ef þingsályktunartillögu um barnameningarhús yrði beint í þann farveg að koma á fót lestrarmeningarmiðstöð sem fyrst og fremst beindi sjónum sínum að bættri lestrarmenningu barna með þátttöku foreldra, samfélags, skóla, bókasafna, rithöfunda, útgefenda og fyrirtækja. Það þarf að veita þeim stuðning sem nú vinna að lestrarhvatningu. Það þarf að sameina krafta þeirra sem vinna að því að hvetja börn til að lesa. Og það þarf að tala við þjóðfélagið allt og gera hverju mannbarni ljóst að lestrarhvatning verður að fara fram á sömu nótum og hvatning um að láta af reykingum, haga sér skynsamlega í umferðinni eða borða hollan mat. Hér um að ræða eitt mikilvægasta samfélagsverkefni okkar daga.

Það er trú okkar að slík þingsályktunartillaga muni eiga hljómgrunn meðal þings og ríkisstjórnar, þrátt fyrir að nú syrti í álinn.

Kristján B. Jónasson, formaður